

GJALDSKRÁ

fyrir söfnunarstöðvar (gámastöðvar) sorps í Bláskógbabyggð.

1. gr.

Fyrir hvern rúmmetra af úrgangi sem skilað er á gámastöð skal greiða 5.500 kr. Greiðendur sorpeyðingargjalds fá klippikort sem myndar inneign á gámastöðvum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá sorphirðu í Bláskógbabyggð. Um flokka úrgangs og gjaldskyldu á gámasvæðum fer samkvæmt eftirfarandi töflu:

| Flokkur | Gjaldskylt frá heimilum og frístundahúsum | Gjaldskylt frá rekstraraðilum (fyrirtækjum og lögbýlum) |
|--------------------------------------------------|-------------------------------------------|---------------------------------------------------------|
| Almennur heimilisúrgangur | nei | já |
| Pappi og pappír | nei | já |
| Lífrænn heimilisúrgangur | nei | já |
| Plastumbúðir og annað plast | nei | já |
| Gler | nei | já |
| Hjólbarðar | nei | nei |
| Málmar | nei | já |
| Spilliefni sem bera úrvinnslugjald | nei | nei |
| Raftæki | nei | nei |
| Rafhlöður, rafgeymar | nei | nei |
| Fatnaður og klæði | nei | já |
| Heyrúlluplast | nei | nei |
| Skilagjaldsskyldar drykkjarumbúðir | nei | nei |
| Almennur rekstrarúrgangur | á ekki við | já |
| Blandaður úrgangur | já | já |
| Grófur óflokkaður úrgangur sem þarfust flokkunar | já | já |
| Óflokkaður úrgangur | já | já |
| Grófur úrgangur frá framkvæmdum | já | já |
| Bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h., óendurnýtanlegt | já | já |
| Bílrúður | já | já |
| Steinefni frá framkvæmdum | já | já |
| Timbur, ómálað | já | já |
| Timbur, málað | já | já |
| Garðaúrgangur, greinar, gras | já | já |
| Grjót, mýrbrot og jarðvegur | já | já |
| Gifsplötur, flísar og postulín | já | já |
| Dýrahrae | já | já |

2. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá viðkomandi án undangengins dóms, sbr. 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðförl.

Nr. 42

9. janúar 2020

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 11. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð nr. 1322/2019. Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 9. janúar 2020 samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskráin tekur gildi við birtingu.

Bláskógabyggð, 9. janúar 2020.

Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. janúar 2020